

Raforka og iðnaður

Áherslumál SI á sviði raforkumála

Fundur hagsmunaráðs Landsnets

Lárus M. K. Ólafsson

2020

ÁR NÝSKÖPUNAR



1 **Lönaður er mjög mikilvægur í íslensku efnahagslífi**

- Uppspretta verðmætasköpunar -

2 **Umgjörð raforkumarkaðar og stefnumörkun**

- Raforkan hefur ekkert virði ein og sér -

3 **Raforkustefna SI**

- Áherslur SI á sviði raforkumála.-

Samtök iðnaðarins

Umfang Samtaka iðnaðarins

- Sl eru stærstu samtök atvinnurekenda á Íslandi og mynduð af um 1.400 fyrirtækjum og sjálfstæðum atvinnurekendum
- Fjöldi og fjölbreytni fyrirtækjanna gefur samtökunum styrk en um leið er það áskorun að standa vörð um ólíka hagsmuni



Samtök iðnaðarins

Undir hatti SI starfa hátt í 40 starfsgreinahópar og aðildarfélög




PRENTIÐNAÐUR



Bætt samkeppnishæfni Íslands

Undirstöður öflugs atvinnulífs – iðnaður í fremstu röð



Menntun



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir



Orka og umhverfi




Ímynd

Umfang iðnaðar er mikið

Íslenskur iðnaður lagði mikið til endurreisnarinnar og veitti viðspyrnu eftir síðasta efnahagsáfall

Iðnaður á Íslandi skapar



1 Lønnaður er mjög mikilvægur í íslensku efnahagslífi

- Uppspretta verðmætasköpunar -

2 Umgjörð raforkumarkaðar og stefnumörkun

- Raforkan hefur ekkert virði ein og sér -

3 Raforkustefna SI

- Áherslur SI á sviði raforkumála-

Stefna og áherslur SI í raforkumálum

Raforkumálin eru mjög mikilvæg fyrir efnahagslífið

- Gegnir lykilhlutverki fyrir þjóðarbúð og er veigamikil uppspretta gjaldeyristekna og verðmætasköpunar
- Án kaupenda hefur orkan eins og sér ekkert virði og því er mikilvægt að rýna **alla virðiskeðjuna**, þ.e. frá framleiðslu til notkunar
- Vega þarf saman með skynsömum hætti umhverfissjónarmið og efnahagslega þætti
- SI hafa sett fram skýra sýn á þá meginþætti er mestu skipta varðandi þróun, uppbyggingu og skipulag raforkumarkaðarins



Samspil við stefnumörkun SI

SI hafa markað sér stefnur sem eiga ríka samleið með raforkumálum



Áherslur í stefnumörkun SI

SI leggja áherslu á umbætur í orkumálum þjóðfélaginu til heilla

- **Innviðir:**
 - Tryggja verður góða orkuinnviði sem styðja við samkeppnishæfni atvinnulífs.
- **Atvinnustefna:**
 - Skapa þarf hagkvæmara starfsumhverfi og þ.m.t. að tryggja að raforkuverð skapi samkeppnisforskot fyrir innlend fyrirtæki.
- **Raforkumarkaður:**
 - Raforka ekki eins og hver önnur vara og væri atvinnulíf fábreyttara og lífsgæði lakari en ella. Öflugt atvinnulíf er grunnforsenda fyrir starfsemi þess kerfis.
 - Aðgengi að raforku þarf að vera tryggt fyrir bæði heimili og atvinnulíf, auk þess sem raforkuverð þarf að vera sanngjarnt, innviðir traustir, regluverk skýrt og eftirlit á raforkumarkaði virkt.

ATVINNUSTEFNA



1 **Íðnaður er mjög mikilvægur í íslensku efnahagslífi**
- Uppspretta verðmætasköpunar -

2 **Umgjörð raforkumarkaðar og stefnumörkun**
- Raforkan hefur ekkert virði ein og sér -

3 **Raforkustefna SI**
- Áherslur SI á sviði raforkumála

Skýrsla SI um raforkumarkað fjallar um umbætur

Í skýrslunni eru settar fram 9 tillögur til að auka samkeppnishæfni á þessu sviði

1 Tryggja þarf samkeppnishæft raforkuverð, þ.m.t. dreifi- og flutningskostnað, í samanburði við önnur lönd þar sem litið verði m.a. til opinberra endurgreiðslna á grundvelli umhverfissjónarmiða vegna nýtingar á grænni orku.

2 Að skilið verði að fullu á milli eignarhalds raforkufyrirtækja í Landsneti og þannig stuðlað að fullum aðskilnaði í rekstri þessara fyrirtækja.

3 Ljúka þarf vinnu við orkustefnu þar sem fullt jafnvægi er m.a. á milli hagsmuna raforkunotenda og -framleiðenda.

4 Að hið opinbera setji eigendastefnu fyrir starfsemi raforkufyrirtækja í opinberri eigu.

5 Skapa þarf skilyrði fyrir virkri samkeppni á raforkumarkaði með skýrum leikreglum og virku eftirliti.

6 Taka þarf til skoðunar framkvæmd og fyrirkomulag á upprunaábyrgðum á raforku, s.s. með það að leiðarljósi að meta hvort það kerfi eigi við hételndar aðstæður.

7 Opnað verði á heimildir raforkukaupenda til að endurselja inn á raforkukerfi umfram orku sem þeir aðilar hafa ekki not fyrir. Að sama skapi verði fyrirtækjum heimilað að selja inn á kerfi raforku sem verður til við framleiðsluferla eða aðra ferla í starfsemi fyrirtækja.

8 Taka til endurskoðunar regluverk vegna mats á vegnum fjármagnskostnaði sem viðmið um leyfða arðsemi við ákvörðun tekjumarká sérleyfisfyrirtækja í flutningi og dreifingu á raforku (WACC) enda liggja nú þegar fyrir upplýsingar um vaxtaálag og -kjör sem fyrirtækjum standa til boða og því forsendur fyrir starfi hinnar sérstöku WACC nefndar ekki lengur fyrir hendi.

9 Að mat á orkupörf verði unnið í samvinnu við við hagsmunaaðila, s.s. stómotendur, á þá vegu að orkuspá endurspegli raunverulega eftirspurn til lengri tíma litið.

Raforkustefna SI

Helstu áherslur

- Raforka sé nýtt til verðmætasköpunar innanlands því öflugur iðnaður er undirstaða búsetu og verðmætasköpunar
- Horfa til arðsemi af framleiðslu og flutningi raforku í víðu samhengi út frá hagsmunum þjóðarbúsins í heild
- Samkeppnishæft raforkuverð í alþjóðlegu samhengi sé tryggt vegna þess mikilvæga ávinnings sem hlýst af raforkunýtingu og um leið tryggja samkeppnishæfni ólíkra raforkukaupenda
 - Samsetning orkunotenda er að breytast og millistórum notendum er að fjölga
 - Mikilvægt er að dreifiveitur og raforkusalar sjái sér hag í að mæta ólíkum þörfum og geti betur vaxið með viðskiptavinum sínum
- Efnahagslegur ávinningur raforkuvinnslu og -nýtingar á Íslandi verði veginn með umhverfissjónarmiðum og loftslagsávinningi með skynsömum og hagkvæmum hætti

Raforkustefna SI

Starfsemi og -skilyrði raforkufyrirtækja

- Skilyrði verði sköpuð til að auka frekari samkeppni meðal raforkuframleiðenda á Íslandi
- Heimild fyrir raforkunotendur til að selja umfram raforku eða nýta auðlindastrauma til framleiðslu á raforku (s.s. glatvarma)
 - Fyrirtæki, félög, húsfélög, einstaklingar o.s.frv.
- Meta kosti þess að koma á fót skammtímamarkaði með raforku
- Gengið verði lengra í aðskilnaði framleiðslu og flutnings raforku á Íslandi
- Ferlið við tekjumörk Landsnets sé gagnsætt og fyrirsjáanlegt og að leyfð arðsemi ráðist síður af matskenndum þáttum
- Ákvarðanir um uppbyggingu og viðhald raforkuflutningsmannvirkja byggji á skýrum hagkvæmnis- og umhverfissjónarmiðum.

Raforkustefna SI


Stjórnsýsla orkumála

- Regluverk sé skýrt og eftirlit með íslenskum raforkumarkaði sé virkt og skilvirkt en ekki íþyngjandi
- Leitað verði til raforkunotenda á Íslandi við vinnslu orkuspáa svo ekki komi til þess að skortur verði á raforku sem hamlar verðmætasköpun
- SI styðja í grundvallaratriðum aðferðafræðina sem rammaáætlun byggir á. Rammaáætlun er ætlað að standa um langa framtíð og því mikilvægt er að breið samstaða sé um niðurstöðu vinnunnar. Ef pólitískar áherslur líðandi stundar ná yfirhöndinni er hættu á að niðurstaðan haldi ekki mikið lengur en ríkjandi stjórnvöld.

Inntak orkustefnu og raforkustefnu SI

Margt í orkustefnu kallast á við áherslur SI á sviði raforkumála

- Að ákvarðanir séu teknar með hliðsjón af heildarhagsmunum þjóðarinnar
- Tryggja þarf jafnt aðgengi að raforku sem grundvöll af atvinnuuppbyggingu og auknum lífsgæðum
- Samkeppnishæfni hins íslenska raforkumarkaðar
- Virkja samkeppni á markaði
- Skilvirk stjórnarsýsla, s.s. dregið úr flækjustigi vegna leyfisveitinga og skilvirkt eftirlit með raforkufyrirtækjum
- Fjölbreytileiki við raforkuframleiðslu og virkja notendur sem framleiðendur á raforku, s.s. vegna glatvarma og fjölnýting auðlindastrauma
- Tæknihlutleysi í orkuskiptum



Takk fyrir

2020

ÁR NÝSKÖPUNAR

